

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir: Minningarsjóður Mikael's Rúnars

2. gr.

Félagið er almenn félagasamtök. Tilgangur félagsins er að styrkja einstaklinga sem misst hafa ástvini á barnsaldri, auk þess að styrkja skóla og íþróttastarf barna.

3. gr.

Leiðir til að ná markmiðum sínum skal félagið móta á aðalfundi. Bóka skal allar ákvörðunartökur og þær auglýstar á heimasíðu/félsbókarsíðu félagsins.

4. gr.

Félagsaðild er opin öllum þeim sem vilji styðja við markmið félagsins og hafi meðmæli tveggja félagsmanna.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 félagsmönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Fimarritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Tekjur félagsins verða auk félagsgjalda styrkir og önnur framlög.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið með þeim hætti að allt fé sem sjóðnum hlotnast skal renna óskipt til góðgerðarmála eftir ákvörðunum stjórnar og til samræmis við tilgang félagsins.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

Félagsmenn munu ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi

Dagsetning: 26.04.2019.

Nöfn og kennitölur.

Þorbjörg Elva Óskarsd.	220971-4819
Matthæi Sígurðardóttir	210377-4339
Karen Elva Jónsdóttir	051093-2759
Hrefna Ósk Jónsdóttir	110997-3539
Elin Krönn Jónsdóttir	110997-3619
Jón Guðli Guðlaugsson	180567-5859